



1. maí ávarp AFLS 2010.

Góðir félagar – við viljum vinna er yfirskrift 1. maí þetta árið. Hún vísar til þess að þúsundir manna sem vilja vinna eru án atvinnu. Þúsundir starfa sem okkur vantar fyrir vinnufúsar hendur, þúsundir starfa inn í efnahagskerfið. Á bak við þessar tölur eru einstaklingarnir og heimilin með skertar tekjur, sem þurfa að láta færri krónur duga fyrir síhækkandi matarreikningum, síhækkandi afborgunum og öðrum nauðþurftum. Launafólk er langþreytt á seinagangi í endurreisn efnahagslífsins, lækkun vaxta, lausn Icesavedeilu.

Launafólk lagði á sig fórnir í stöðugleikasáttmálanum með frestun launahækkana til að flýta fyrir endurreisninni en síðan virðist allt sitja fast. Samtök atvinnulífsins hlaupa frá sáttmálanum án þess að þurfa að taka afleiðingum þess sem eru skýrar hvað varðar launahækkarnir.

Það er athyglisvert að hlusta á fyrrum stjórnámálamenn og viðskipaaðila senda út afsökunarbeiðni út og suður eftir að skýrsla rannsóknarnefndarinnar birtist almenningi, skilaboðin í þessum afsökunum eru þau að það sé allt í lagi að stunda vafasöm viðskipti eða að taka ofurlán án veða bara á meðan enginn veit af því. Er það þannig siðferði sem við viljum sjá á Íslandi? Ég held ekki.

Rannsóknarskýrslan margumtalaða er eitt merkilegasta plagg sem samið hefur verið í íslensku þjóðfélagi lengi. Í skýrslunni kemur fram algert skipbrot stjórnarsýslu og stjórn mála – viðskipta og fjármála. Það fólk sem telur sig tilheyra yfirstétt þessa lands og hefur hreiðrað um sig og sína í embættum og stórfyrirtækjum og jafnan komið fram af faglegum virðuleika og stundum hroka í garð hins vinnandi fólks – var ekkert annað en umgjörðin.

Á bak við faglegt yfirbragð var engin fagmennska. Á bak við hrokann voru engir hæfileikar. Og á bak við fallega framhlið var ekkert annað en getuleysi, hæfileikaskortur og siðleysi.

Þetta er grafskrift hins íslenska lýðveldis – þetta er árangur okkar starfs í hundrað ár.

AFL Starfsgreinafélag tekur undir kröfur um stjórnlagabing og við ítrekum þær kröfur sem við höfum gert allt frá því í október 2008 – að hér taki verkalyðshreyfingin forystu í mótun samfélagsins því vissulega hriktir í grundvallarstoðum þess.

Það hriktir í grundvallarstoðum vegna þess að það voru ekki bara bankarnir sem hrundu – heldur miklu meira og við höfum enn ekki séð allar afleiðingar hrunsins. Traust er ekkert í samfélaginu – þúsundir heimila geta ekki séð sér farborða án ölmusugjafa líknarsamtaka og það er hart sótt að grunnþjónustu í samfélaginu. Og það hrundi meira til – því forystuöfl samfélagsins hrundu – stjórn málaflökkarnir sem eiga að veita forystu um mótun samfélagsins eru í sárum. Mislaskaðir forystumenn berjast þar fyrir þingsætum og mannorði og láta hagsmuni lands og þjóðar sig engu varða á meðan.



Forystuleysi stjórnámálanna er algert – þar bendir hver á annan en enginn horfir fram á við og allra síst þeir sem hæst um það gala. Verkalýðshreyfingin hefur heldur ekki staðið sig í stykkinu – við hrunið áttum við að stíga fram og segja – hingað og ekki lengra – hér tökum við forystuna. En við gerðum það ekki.

AFL Starfsgreinafélag flutti um það tillögu á ársfundi ASÍ 2008 að Alþýðusambandið skipaði sér í framvarðarsveit við enduruppbyggingu þjóðfélagsins og að við í verkalýðshreyfingunni hefðum um það forystu að setja siðferðisviðmið. Tillaga okkar náði ekki fram að ganga – en við höfum haldið kröfum okkar lifandi og nú nýverið sendi stjórn AFLs miðstjórn ASÍ áskorun þess efnis að Alþýðusambandið efndi til víðtæks samráðs við að móta heildarkröfur okkar við endurreisn efnahagslífsins og samfélagsins alls.

Við sem höfum starfað innan Verkalýðshreyfingarinnar vitum það að velflest velferðarmál samfélagsins eiga uppruna sinn á fundum verkalýðsfélaga um land allt. Það voru okkar félagar hér í þessum bæ og víðar á Austurlandi og víðar um land sem börðust fyrir orlofsrétti, fyrir veikindarétti og yfirleitt rétti til að gera kjarasamninga. Þessi barátta félaga okkar var ekki alltaf þrautalaus.

En við höfum ekki verið nógu beitt og við höfum misst helsta broddinn úr baráttu okkar. Kannski svaf verkalýðshreyfingin á verðinum og mögulega var eitt allsherjar sinnuleysi okkar allra að verki – eða hvernig hefði okkur gengið að virkja samtakamátt okkar til að berjast „gegn skattalækkunum“ eða gegn þeirri „velmegun“ sem hér virtist ríkja á meðan smjör draup af hverju strái. Það voru menn í okkar röðum sem bentu á að smjórið væri fengið að láni – kannski hlustuðum við ekki nógu vel.

Við erum stödd á miðju ári 2010. Spá hagdeildar ASÍ telur að botni efnahagskreppunnar verði ekki náð fyrr en síðar á þessu ári. En það er bara spá og enginn sá það fyrir sem gerðist í október 2008. Allir kjarasamningar félagsins renna út í lok nóvember á þessu ári. Flestum er ljóst að það verður á brattann að sækja að ná kjarabótum út úr fyrirtækjunum. Hvað þá heldur úr aurlausu ríkinu eða þá sveitarfélögunum. Þá mun aldrei sem fyrr, hin síðari ár, reyna á samtakamáttinn og samstöðuna meðal félagsmanna og milli launafólks í landinu. Einnig hvort verkalýðshreyfingin kunni ennþá að beita sér í hörðum vinnudeilum.

Við verðum líka að vera með það á hreinu hvert við ætlum að sækja og hver markmið okkar verða. Fjöldi fyrirtækja standur á brauðfótum þó önnur njóti gengisskráningarinnar og greiða út arð sem aldrei fyrr. Stórfelldar launahækkningar hjá ríki og sveitarfélögum geta ekki þýtt annað en skattahækkningar eða niðurskurð þjónustu.

Við stöndum því frammi fyrir nokkrum kostum og enginn þeirra er góður. Það er skoðun Alþýðusambands Íslands að einungis með því að hagvöxtur verði 5% að meðaltali næstu ár getum við varið það velferðarkerfi sem kynslóðirnar á undan okkur hafa byggt upp. Það er og sýnt að einungis með öflugum hagvexti getum við spornað við því atvinnuleysi sem nú þjakar þjóðina.

Það er ábyrgðarleysi að fara af stað í kjarasamninga án þess að hafa heildarmyndina ljósa. Launahækkningar einar og sér duga ekki til kjarabóta – það



þarf að tryggja að launahækkarnir haldi og hverfi ekki í verðbólgu – og við verðum að tryggja það að aðgerðir okkar skili árangri til uppbyggingar þannig að atvinnulífið taki við sér og samfélagið geti aftur staðið undir grunnþjónustu og velferð allra.

Við stöndum í þeim sporum núna að nágrannaþjóðir okkar og alþjóðlegir fjármála-markaðir umgangast Ísland með varúð – því spörin hræða. Það eru líka uppi háværar raddir hér á landi um að það sé í góðu lagi því við eigum alls ekki að taka frekari lán – en fólk skyldi átta sig á því hvað það þýðir. Á meðan Íslensk fyrirtæki ekki eiga kost á fjármögnun á erlendum mörkuðum á vaxtakjörum sem eru sambærileg við alþjóðleg kjör – verður hér engin uppbygging.

Kannski getum við lifað án þessara lána en það verður ekki í því þjóðfélagi sem við þekkjum. Stórfelldum hallarekstri ríkissjóðs verður ekki mætt nema með niðurskurði – þjóðin er nógu skattþínd fyrir. Þeim niðurskurði fylgir svo skert grunnþjónusta og aukið atvinnuleysi og það er hætt við því að við lendum í vítahring fátæktar.

Góðir félagar – síðasta árið hafa menn deilt um Icesave og lagalega og siðferðilega stöðu okkar þar. Við lestur rannsóknarskýrslu Alþingis verður ljóst að ábyrgð íslenskra stjórnvalda á þessum innlánsreikningum er óumdeilanleg – mánuðum saman létu stjórnvöld aðvaranir erlendra stjórnvalda sem vind um eyru þjóta og höfnuðu aðgerðum sem mögulega hefðu tekið þennan kaleik frá okkur.

Hver sem svo lagaleg staða okkar er – og við vitum að skoðanir eru mjög skiptar meðal þjóðarinnar um skyldu okkar til að ganga frá þessu máli – er ljóst að það er með öllu ólíðandi að hafa þessi mál hangandi yfir okkur. Við verðum að krefjast þess að gengið sé frá Icesave samningum við Breta og Hollendinga án tafar því á meðan það er ófrágengið erum við enn á „válista“ á fjármálamörkuðum og álitin óábyrg og vafasöm þjóð til að eiga í viðskiptum við.

Val okkar stendur því m.a. á milli þess að kyngja þeim beiska drykk sem Icesave samningar eru og hefjast handa við uppbyggingu – eða festast í vítahring kyrrstöðu og einangrunar. Við segjum því hiklaust – setjum okkur markið hátt og hefjum uppbygginguna. Þannig og aðeins þannig getum við varið samfélagið sem við þekkjum og komið í veg fyrir enn dýpri kreppu.

Við skulum þó gæta að því við gerð komandi kjarasamninga þá verði það ekki aðeins launafólk sem leggur í þúkk þjóðarsáttar – að við verðum ekki endalaust lamin með svipu „ábyrgðar“ og því að aðeins með „hóflegum kjarasamningum“ tryggjum við stöðugleika. Það er kominn tími til að launafólk setji skilyrði fyrir þátttöku sinni í uppbyggingunni.

Það láðist að okkar mati við frestun launahækkana 2009 – við settum engin skilyrði og aðeins launafólk lagði einhver verðmæti í Stöðugleikasáttmálann. Við höfum ekkert fengið í staðinn.

Því hefur AFL Starfsgreinafélag ítrekað kallað eftir – við félagi okkar í forystu ASÍ að við efnum til víðtæks samráðs innan hreyfingarinnar þar sem við í Alþýðusambandinu mótum okkar framtíðarsýn á þjóðfélaginu – á uppbyggingu



Þess og leikreglum og segjum svo – þetta er það sem það kostar að hafa okkur með.

Ágætu félagar – þótt útlitið sé ekki bjart þá mun rofa til í efnahagslífinu. Það er hins vegar okkar að gæta þess að það verði ekki bara efnahagslífið sem styrkist og fyrirtækin heldur að samfélagið allt njóti uppbyggingarinnar. Þangað til verðum við að gæta þess að það verði ekki gengið svo um velferðarkerfið, að það standi ekki undir hlutverki sínu og að einstaklingurinn, fjölskyldurnar og heimilin standi af sér þessa óvissutíma.

Félagar – við skulum minnst þess af hverju 1. maí er haldinn hátíðlegur – þetta er baráttudagur verkalýðs. Það var á þessum degi 1886 sem mótmælaaðgerðir til stuðnings verkalýðs í Chicago í Bandaríkjunum í verkfalli enduðu sem blóðbað þar sem fjöldi manns lét lífið. Það var á þessum degi sem verkalýðsfolk um heim allan hóf baráttu fyrir átta stunda vinnudegi og þetta er dagurinn sem við höfum enn helgað baráttu okkar.

Við skulum nota þennan dag til að efla samstöðu okkar því þó við höfum ef til vill flest sofnað á verðinum á liðnum árum þá verða komandi ár ekki auðveld og við þurfum að standa saman og vinna saman og berjast saman.

Áttum okkur á því að alls staðar þar sem verkalýðshreyfingin hefur verið vængstýfð í anda nýfrjálshyggjunnar hafa líf skjör almennings versnað og misskipting aukist.

Við höfum tækifæri til að bregðast við áður en það er um seinan. Eflum samstöðu okkar og verum klár í bátana í komandi kjarasamningum – það er ekki víst að þeir verði auðveldir eða auðsóttir.